

sem fluttir voru til Babylon, og þeir sem heima sitja við fallin garð frægðaraldar, gamalla daga. Og hinir fornu Hafnar stúdentar, er ýkjugini íslenzkra sagna hefir gætt yfirnáttúrlegu, affli, minni, námshæfilegleikum, æfintýrastanti, er glíma var við tröll, reka var út sjómenn úr drykkjukrám, reikna ervið dæmi, eða'leggja út af óvanalegum textum, eiga enn sanna eftirkomendur er sverja sig til íslenzkrar ættar meðal íslenzkra nemenda fyrir vestan haf.

Við tröll hefir verið að glíma, ekki sízt þegar efnahagur er af skornum skaniti, að kljúfa kostnað þann sem fylgir háskólagöngu, þar sem keppa er við úrvalalið æskulýðs ýmissa þjóða er ásamt oss eru búsettar hér í landinu.

Cecil Rhodes' styrkurinn er einungis veittur fyrir framúrskarandi próf alla skólaleiðina til enda og afburði í leikum og íþróttum er samfara eru hér í landi háskólanámi. Hefir Joseph Thorson uppfyllt öll þau skilyrði og því hlotið heiðurinn.

Joseph Þórarinn Thorson er fæddur hér í Winnipeg og eru foreldrar hans þau Stefán Thorson, valin-kunnur gáfumaður og ræðumaður ágætur, hér í borg, og kona hans Sigríður Þórarinsdóttir. Eru þau hjón bæði ættuð úr Biskupstungum í Árnes-sýslu. Foreldrar Stefáns voru þau Þórður Jónsson og Helga Jónsdóttir, hjón á Bryggju í Biskupstungum, en foreldrar Sigríðar þau Þórarinn Þórarinsson og Guðríður Jónsdóttir hjón í Ásakoti í Biskupstungum. Þau Stefán og Sigríður fluttust til Reykjavíkur árið 1881 og stundaði Stefán þar steinsmiði. Þar dvöldu þau uns þau fluttust hingað vestur sumarið 1887, og er Joseph sonur þeirra, einsog áður segir, fæddur hér þann 15 Marz mánaðar 1889 er hann því aðeins tvítugur að aldri og því sá yngsti er hlotið hefir Rhodes' verðlauninn enn sem komið er, hér við háskólann. Ennfremur má geta þess að frá því háskólinn var stofnaður hér í þessu fylki nú fyrir 32 árum síðan, eða síðan 1877, hefir engin útskrifast með jafn háum vitnisburði og hann. Til gamans setjum vér hér vitnisburð hans frá því hann lauk námi á barna-skólanum árið 1903, við Carlton skóla þessa bæjar og fram til þessa.